

Ársskýrsla húsnefndar félagsheimilis Borgfirðings

starfsárið 01.10.2019 til 30.09.2020

Nefndina skipuðu Árni Guðjónsson, Kristján Jóhannes Pétursson og Marteinn Valdimarsson, sem var formaður.

Starf nefndarinnar varð minna en væntingar stóðu til, vegna þess ástands sem ríkt hefur í heiminum að undanfögnu. Nefndin hélt þó tvo formlega og bókaða fundi auk þess sem nefndarmenn ræddu oftlega sín á milli um málefni félagsheimilisins. Á fyrri fundinn mættu einnig fráfarandi nefndarkonur.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Borgfirðings mátti nefndin gera sér vonir um að hafa um 500.000 kr. til ráðstöfunar í viðhald. Auk styrks frá Borgarbyggð 207.000 kr. sem sótt var um á fyrri hluta ársins.

Eftir ábendingu frá fráfarandi nefnd, óskaði nefndin eftir heimild stjórnar til þess endurnýja ræstingartæki fyrir félagsheimilið, sem hún samþykkti. Kostnaður nam um 75.000 kr.

Sett var upp áætlun um verkefni sem nefndin var sammála um að koma þyrfti í framkvæmd. Þar var gert ráð fyrir lagningu ca. 30 mf. stéttar fyrir framan inngang, uppsetningu ca. 30 mf. timburpalls, frágangi loftræstingar frá salernum ásamt lagningu gólfplatna á loftið og málun þaksins. Áætlun var aðeins yfir efniskostnað nema varðandi loftræstinguna, og hljóðaði upp á 850.000 kr. Þessi áætlun var send stjórn Borgfirðings í fyrri hluta ágústmánaðar.

Stjórninni var á sama tíma kynnt tilboð í málun þaksins upp á 433.000 kr. en nefndinni þótti þá orðið ljóst að ekki yrði unnt að fá sjálfbóðaliða til að mála þakið á þeim tíma sem var til stefnu og hafði því leitaði eftir tilboði í málun þess. Fram kom í óformlegum svörum frá stjórnarmönnum að reynt skyldi að mála í sjálfbóðavinnu. Nefndi reynti sér ekki til að koma því í kring við þær aðstæður, sem verið hafa og skammur tími var orðinn til stefnu. Engin svör bárust um önnur atriði.

Í því skyni að nýta styrk Borgarbyggðar voru keypar gólfplötur fyrir tæpar 150.000 kr. til að leggja yfir loftið í norðurhluta hússins, til þessa að auðvelda vinnu við loftræstinguna og skapa geymsurými. Þær bíða þess að tekið verið til á loftinu og settar upp. Helmingur styrksins var greiddur til félagsins í framhaldi af því.

Nefndin hefur rætt gjaldskrá fyrir afnot af húsinu og hefur áform um uppfærslu hennar. Einnig umgengni um húsið og eldhúsið. Leggur hún áherslu á að fólk komi ekki inn á útiskóm eða í óhreinum reiðfatnaði. Það er verið að leiga húsið til ýmissa nota s.s. freminga-útskrifta- og afmælisveislna og það er ekki hægt að bjóða leigutökum að koma inn í hús sem lyktar eins og hesthús.

Stöðulsholti, 1. febrúar, 2021

Marteinn Valdimarsson